

## ÞJÓNUSTUSKILMÁLAR VERKSTÆÐA SEM EKKI ERU MEÐ SAMNING VEGNA VIÐGERÐA Á ÖKUTÆKJUM

### 1. Þjónustu- og gæðakröfur

#### 1.1. Lög og reglugerðir

Verkstæði skal fullnægja öllum ákvæðum laga og reglugerða er varða starfsemi þeirra, t.d. um umhverfisþætti, vera með starfsleyfi heilbrigðiseftirlits og uppfylla kröfur Vinnueftirlits ríkisins og annarra stofnanna sem fara með málefni bifreiðaverkstæða.

#### 1.2. Krafa um fagmennsku

Verkstæði skal ábyrgjast að umsamið verk sé unnið á faglegan hátt í samræmi við góð og viðtekin vinnubrögð. Verkstæði skal eftir fremsta megni standa við gefna tímaáætlun og standa við gefin loforð um hvenær verki skal lokið. Takist ekki að standa við tímaáætlun skal verkstæði án tafar tilkynna viðskiptavini um seinkun.

#### 1.3. Réttindi starfsmanna

Verkstæði skal tryggja að verk sé unnið af starfsmönnum með tilskilin réttindi og reynslu í viðkomandi faggrein.

#### 1.4. Tækjabúnaður

Verkstæði skal vera útbúið að viðurkenndum tækjum til viðgerðar á ökutækjum eftir tjón.

#### 1.5. Upphaf viðgerðar

Verkstæði er óheimilt að hefja viðgerð á ökutæki áður en samþykki hefur fengist frá VÍS um að vátrygging sé í gildi, tjónið sé bótaskyldt úr vátryggingunni og að VÍS samþykki viðgerð. Jafnframt er verkstæði óheimilt að hefja viðgerð áður en VÍS hefur samþykkt verkbeiðni og viðgerðaráætlun verkstæðis. Hefji verkstæði viðgerð án heimildar VÍS getur það sjálf þurft að bera ábyrgð á kostnaði sem af því hlýst. VÍS er heimilt að samþykkja viðgerð á ökutæki með fyrirvara um bótaskyldu til að viðgerð tefjist ekki að óþörfu.

#### 1.6. Tjónamat og/eða verkbeiðni

Verkstæði skal senda inn tjónamat í gegnum CABAS tjónamatskerfið eða ítarlegt tjónamat á rafrænu formi sem inniheldur neðangreint. Með tjónamati þarf félaginu að berast a.m.k 6 myndir á starfrænu formi sem sýna umfang tjóns:

- 1.6.1. Tjónamat skal innihalda lýsingu á verkinu sem framkvæmt er og tengist tjóni hjá VÍS.
- 1.6.2. Sundurliðun á réttningarhluta þar sem kemur skýrt fram hvað verður rétt og hversu mikill tími fer í að vinna við ákveðna hluta verksins.
- 1.6.3. Sundurliðun á málningarhluta þar sem kemur skýrt fram hvað verður málað og hversu mikill vinnutími fer í málningu og hversu mikið efni verður nota.
- 1.6.4. Sundurliðun á plastvinnu þar sem kemur hvaða hlutur er viðgerður og hversu mikill tími fer í viðgerð á honum og hveru mikið efni verður notað.
- 1.6.5. Sundurliðun á kostnaði á varahlutum og hvar þeir eru keyptir. Ef VÍS óskar þarf verkstæði að afhenda afrit af þeim varahlutareikningum sem keyptir voru í viðkomandi verk.
- 1.6.6. Ef um annan kostnað er að ræða þarf að skilgreina hann sérstaklega og rökstyðja.

#### 1.7. Reikningur og tjónamat

Upphæð reiknings skal vera nákvæmlega sú sama og kemur fram á tjónamati og hefur verið samþykkt af VÍS. Ef misræmi er í milli reiknings og samþykktts tjónamats verður reikningur ekki samþykktur og endursendur.

#### 1.8. Bindandi fyrirmæli um framkvæmd viðgerðar

Fyrirmæli VÍS binda verkstæði við framkvæmd verks.

#### 1.9. Viðgerðaraðferðir

Verkstæði skal ætíð velja bestu viðgerðaraðferð út frá kostnaðarsjónarmiðum án þess þó að draga úr öryggiskröfum.

#### 1.10. Förgun

Verkstæði fargar því sem farga þarf í tengslum við framkvæmd verks. Verkstæði skal reyna eftir fremsta megni að sjá til þess að förgun fari fram á umhverfisvænan hátt. VÍS er þó heimilt að fara fram á að verkstæði fargi ekki einstökum hlutum. Verkstæði er ekki heimilt að farga skemmdum hlutum fyrir samþykki viðgerðaráætlunar af hálfu VÍS.

#### 1.11. Afturköllun samþykkis

VÍS áskilur sér rétt til að falla frá áður samþykkttri greiðslu vegna tjóns, komi fram nýjar upplýsingar sem hafa í för með sér að hlutfall bótaskyldu breytist þannig að tjón eða hluti tjóns falli ekki undir greiðsluskyldu VÍS. VÍS skuldbindur sig til að greiða verkstæði útlagðan kostnað.

1.12. Viðgerðaráætlanir

VÍS greiðir ekki fyrir viðgerðaráætlanir.

**2. Framkoma**

- 2.1. Fara skal vel með ökutæki sem unnið er við og þau tryggilega varðveitt á vinnusvæði verkstæðis.

**3. Reikningur**

3.1. Form reiknings

Reikningur skal uppfylla kröfur ríkisskattstjóra um gerð sölureikninga, sbr. 4. gr. reglugerðar nr. 50/1993 um bókhald og tekjuskráningu virðisaukaskattskyldra aðila. Komi til þess að heimilt verði að greiða skv. rafrænum reikningi skal verkstæði senda VÍS reikninga á tilskilin hátt.

Á reikningi skulu vera upplýsingar um nafn og kennitölu umráðamanns, fastanúmer ökutækis og tjónsnúmer. Á reikningi skulu einnig vera skýrar samtölur á eftirfarandi þáttum: vinna, efni, vélar og annað, akstur og virðisaukaskattur. Jafnframt skal reikningur innihalda sundurliðaða lýsingu á verkinu með tilvísun í samþykka viðgerðaráætlun.

**4. Ábyrgð og skaðleysi**

4.1. Ábyrgðartrygging

Verkstæði skal hafa ábyrgðartryggingu til að greiða viðskiptavinum VÍS skaðabætur ef það hefur bakað sér bótaábyrgð gagnvart honum, sem m.a. skal bæta ábyrgðartjón á eignum annarra í vörslu verkstæðis.

4.2. Úrbætur

Séu gallar á verkinu skal verkstæði tafarlaust bæta úr gallanum án kostnaðarauka fyrir viðskiptavin eða VÍS.

Sinni verkstæði ekki skyldu til úrbóta samkvæmt gr. 5.2. er VÍS heimilt að fela öðrum framkvæmd verksins. VÍS öðlast þá endurkröfurétt á hendur verkstæði sem nemur þeim kostnaði sem úrbæturnar höfðu í för með sér.

4.3. Endurkröfuréttur VÍS

Verði VÍS gert skylt að standa við loforð sem verkstæði gefur, öðlast VÍS endurkröfurétt á hendur verkstæði sem nemur þeim kostnaði sem loforð verkstæðis skapar VÍS, enda hafi verkstæði með því farið út fyrir heimildir sínar gagnvart VÍS samkvæmt samningi þessum.

VÍS öðlast endurkröfurétt á hendur verkstæði ef VÍS verður talið bótaskyldt gagnvart þriðja aðila vegna atvika sem rekja má til vanefnda verkstæðis á samningi þessum.

**5. Trúnaðarskylda**

5.1. Trúnaðarskylda

Verkstæði og starfsmenn þess skulu gæta þagnarskyldu um allt sem þeir fá vitneskju um við framkvæmd verka m.a. um starfsemi VÍS, viðkomandi verk, hagi viðskiptavinar.